

Siðanefnd Blaðamannafélags Íslands

Mál númer 6/1998-1999

Sg. 10/299

Kærandi: Björn Friðfinnsson

Kærði: Dáلكur „Garra“ í dagblaðinu Degi

Kæruefni: Skrif „Garra“ 16. desember 1998 um Björn Friðfinnsson. Málið var kært með bréfi dagsettu 29.12. 1998 og var það tekið fyrir á fundum nefndarinnar 18.1., 25.1. og 1.2. Elías Snæland Jónsson ritaði nefndinni varnarbréf dagsett 19.1. 1999.

Málavextir

Hinn 16. desember sl. birtist í dagblaðinu Degi fastur dáلكur „Garra“ undir fyrirsögninni „Bjössi er kominn heim“ og er þar vikið að því að „Bjössi Friðfinns“ sé aftur á leiðinni inn í viðskiptaráðuneytið. Garri segir m.a.: „Bjössi á þar stól og borð og góða skrifstofu sem Jón Baldvin stórfrendi hans og ættarhöfðingi gaf honum á sínum tíma.“ Þá fjallar greinin einnig um „eignarrétt“ Björns á embætti sínu í viðskiptaráðuneytinu.

Kærandi hafði samdægurs samband við ritstjóra blaðsins, Elías Snæland Jónsson, og óskaði eftir afsökunarbeiðni ritstjórans. Þetta varð til þess að daginn eftir birtist afsökunarbeiðni í dálki Garra undir fyrirsögninni „Bankar á skafniðamarkaði“. Beðist var afsökunar á ummælum þess efnis að Björn ætti gott gengi sitt Jóni Baldvini að þakka en jafnframt er fjallað um Björn sem „ofurembættismann“. Kærandi taldi afsökun Garra ófullnægjandi og hafði því enn samband við Elías Snæland ritstjóra hinn 21.12. sem taldi að nóg væri að gert og ástæðulaust væri að birta frekari afsökunarbeiðni.

Kærandi óskar eftir úrskurði siðanefndar varðandi uppnefni, afsökunarbeiðni undir dulnefni og framsetningu undir óskyldri fyrirsögn og aulafyndni.

Umfjöllun

Siðanefnd hefur áður (22.10. 1985 og 13.6. 1992) fjallað um hliðstæð kæruefni. Í úrskurðinum frá 1985 segir: „Svo sem kunnugt er birtast í blöðum ritsmiðar í föstum „smádálkum“, og er efni þeirra af ýmsu tagi og ritsmiðarnar að jafnaði nafnlausar eða undir dulnefni. Það er sameiginlegt merki margra þessara „smádálka“ að þeir eru oft nokkuð litaðir og varla alltaf ætlast til að efni þeirra sé tekið of bókstaflega, og stundum er hyllt til að ljá þeim undiröldu háðs, hártogunar, ýkju, fyndni o.s.frv.“ Deila má um kímigáfu Garra er hann fjallar um þjóðkunna menn sem Bjössu, Dóra og Dodda, en líta verður á það sem tilraun til fyndni á kostnað umræddra manna. Þeir sem hafa verið í opinberri þjónustu og sviðsljósi áratugum saman mega eiga von á að persónur þeirra verði teknar fyrir í ýmsum smádálkum líkt og Garri gerði.

Afsökunarbeiðni Garra birtist við fyrsta tækifæri og fullnægjandi verður að teljast að hún birtist í dálki hans án þess að fyrirsögnin gefi vísbendingu um það. Ætla verður að dáلكurinn eigi sér fasta lesendur og því hafi beiðnin verið komið á framfæri við hlutaðeigandi. Ummælin um „ofurembættismann“ eru dæmigerð fyrir dálka af þessu tagi og ekki ástæða til að fjalla sérstaklega um þau.

Í afsökunarbeiðni Garra frá 17.12. felst viðurkenning á því að hann hafi gengið of langt í ummælum sínum um Björn Friðfinnsson. Að öðru leyti markast framsetning og vinnubrögð Garra af alvöruleysi smádálka. Opinberar persónur mega eiga þess von að verða teknar fyrir í slíkum dálkum og geta þær ekki vænst þess að vera hafnar yfir háð.

Úrskurður

Garri telst ekki hafa brotið siðareglur Bláðamannafélags Íslands.

Reykjavík 1.2. 1999




Þorsteinn Gylfason




Hjörtur Gíslason



Mördur Árnason



Hreinn Pálsson



Sigurður Guðjónsson